ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2191
komudagur 30.5.2006

Alþingi
Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. maí 2006
Tilvísun: 200605-0010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 793. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 793. mál.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila fyrirtækjum skattalega frestun tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap vegna rekstarársins 2005.

Rökin fyrir frumvarpinu eru þau að sá aukni sveigjanleiki í fyrningafresti varanlegra rekstrarfjármuna og auknu heimildir til yfirfærslu á eftirstöðvum rekstartapa vegna fyrra ára, sem tekin voru upp samhliða afnámi verðbólguleiðréttinga í skattskilum og reiknisskilum árið 2001 dugi ekki við núverandi ójafnvægi í efnahagslífinu.

Alþýðusamband Íslands vill taka eftirfarandi fram um frumvarpið:

1. Frumvarpinu er ætlað að taka á gengishagnaði fyrirtækja umfram gengistap á rekstrarárinu 2005, rekstarári sem þegar er liðið. Frumvarpinu er því ætlað að breyta skattareglum með afturvirkum hætti. Afturvirkar breytingar á skattalögum verða að teljast afar óheppilegar og gera verður þá kröfu að færð séu sterk rök fyrir slíkum breytingum, jafnvel þó að breytingin sé ívilnandi eins og í þessu tilfelli. Almenn skírskotun í miklar gengissveiflur getur ekki talist fullnægjandi röksemdafærsla.
2. Óstöðugleiki í efnahagslífinu hittir fleiri illa fyrir en skuldsett útflutningsfyrirtæki. Launafólk fer einnig illa út úr gengissveiflum og öðrum myndum óstöðugleika. Heimilin í landinu skulda yfir 1.000 milljarða. Stærsti hluti þeirra lána er verðtryggður en gengisbundin lán heimilanna hafa aukist að undanförnu. Sveiflur á gengi krónunnar og mikil verðbólga koma sér því afar illa fyrir

Sætún 1
105 Reykjavík
Sími: 535 5600
Fax: 535 5601
Netfang: asi@asi.is
ASÍ vefurinn: www.asi.is
Kennitala: 420169-6209

heimilin í landinu. Ekkert í frumvarpinu kemur til móts við launafólk.

Frumvarpið er ætlað að hjálpa skuldsettum útflutningsfyrirtækjum til að lifa með óstöðugleika. ASÍ er ekki sammála þeirri sýn sem í því felst. Alit frá því þjóðarsáttarsamningarnir voru undirritaðir árið 1990 hefur stöðugleiki verið megináhersla verkalýðshreyfingarinnar. ASÍ gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau stuðli að stöðugleika í stað þess að aðstoða fyrirtæki við að lifa með óstöðugleika.

Alþýðusamband Íslands er því ósammála þeim smáskammtalækningum sem felast í frumvarpinu og mælir gegn því að það verði samþykkt.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
hagfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2135
komudagur 19.5. 2006

– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17.05.2006
EÖD

Vísað er til erindis hæstvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 5. þ.m., þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt með síðari breytingum, nr. 90/2003, 793. mál.

FÍS fagnar frumvarpinu og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu.

FÍS mælir eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst f.h. FÍS,

Einar Ö. Davíðsson

Einar Örn Davíðsson, hdl.

Sími: 588 8910 • Bréfasími: 568 8441 • Heimilisfang: Hús verslunarinnar, 103 Reykjavík
Telephone: 354-588 8910 • Telefax: 354-568 8441 • Address: Hús verslunarinnar, IS-103 Reykjavík
e-mail: fis@fis.is

Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2155
komudagur 19.5. 2006

Reykjavík 18. maí 2006
Tilv. FLE 14-2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt, 793. mál, gengishagnaður.

Með bréfi dags. 5. maí sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Í samræmi við starfsreglur FLE var erindið einnig sent til skattanefnar FLE til umsagnar.

Á fundi sínum 16. maí sl. fjallaði skattanefnd FLE um erindið og fagnaði þessari tillögu.

Álitsnefnd FLE lýsir sig samþykka meðfylgjandi umsögn skattanefndar FLE.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir
Framkvæmdastjóri FLE

Suðurlandsbraut 6 · IS-108 Reykjavík · Sími: 568 8118 · Fax: 568 8139 · Tölvupóstfang: fle@fle.is · Heimasíða FLE: www.fle.is

Til Álitsnefndar FLE

Skattanefnd FLE hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006.

Skattanefnd FLE lýst vel á þetta frumvarp og hefur engar athugasemdir við það.

Skattanefndin fagnar því sem fram kemur í síðustu málsgrein athugasemda með frumvarpi að á næstunni verði þessi mál skoðuð nánar, m.a. út frá því sjónarmiði hvort breyta beri skattalegri meðferð gengishagnaðar og gengistaps til framtíðar.

Skattanefndin styður það markmið sem þarna kemur fram, en bendir á að því mætti ná á tiltölulega einfaldan og almennan hátt með því að heimila að skattalegt tap sé ekki einungis yfirfæranlegt til allt að 10 ára fram í tímann, heldur einnig aftur í tímann til allt að t.d. 3ja ára eins og er heimilt sumstaðar erlendis. Slíkt ákvæði mundi leysa það vandamál að lögaðili greiði skatt af hagnaði, gengishagnaði sem og öðrum hagnaði, sem gengur til baka síðar því við þær aðstæður fengju þeir áður greiddan skatt endurgreiddan þegar hann gengur til baka

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 16. maí 2006.

Fyrir hönd skattanefndar FLE

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2134
komudagur 19.5.2006

Nefndasvið Alþingis
B.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

18. maí 2006
Tilvísun: 2006050013

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt, 793. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 5. maí 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt, 793. mál, gengishagnaður. Með frumvarpinu er lagt til að við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, verði bætt ákvæði til bráðabirgða sem heimili að fresta tekjufærslu gegnishagnaðar umfram gengistap og þar með álagningu tekjuskatts á þá tekjufærslu vegna rekstrarársins 2005. Jafnframt verði tekjufærslunni dreift jafnt á næstu þrjú rekstrarár.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Ragnar Hafliðason *Björg Fenger*

Suðurlandsbraut 32 108 Reykjavík • Sími 525 2700 • Bréfsími 525 2727 • e-mail: fme@fme.is

Íbúðalánasjóður

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2121
komudagur 18.5.2006

Alþingi
b.t. Hlínar Lilju Sigfúsdóttur
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2006
200605063
60.12
EJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 793. mál, gengishagnaður.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Einar Jónsson
lögfræðiráðgjöf

Samrit:

Borgartún 21 | Sími 569 6900 | Grænt númer 800 6969 | www.ibudalanasjodur.is
105 Reykjavík | Fax 569 6800 | Kennitala 661198 3629 | fyrirspurn@ibudalanasjodur.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2105
komudagur 15.5.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11.05.2006
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, mál 793

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um tekjuskatt, 793. mál, gengishagnaður.

Kauphöll Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Árnína St. K.
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2156
komudagur 22.5.2006

SAMTÖK FISKVINNSLUSTÖÐVA

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Alþingi,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. maí 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, 793. mál, gengishagnaður.

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva fagna frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, sem felur í sér að draga megi fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers kyns eignum og skuldum í erlendum verðmæli frá tekjuskattsstofni rekstrarársins 2005 og dreifa þeirri fjárhæð á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008 eins og nánar er lýst í frumvarpinu.

Samtökin telja að hér sé um mikið réttlætismál að ræða þar sem gengi íslensku krónunnar hefur á undanförnum árum verið mun hærra en getur staðist, af ástæðum sem ekki verða raktar hér.

Eins og lýst er i athugasemdum með frumvarpinu hefur hátt gengi krónunnar haft afar slæm áhrif fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinarnar vegna tekjusamdráttar. Þegar við bætist að samkvæmt núgildandi tekjuskattslögum er fyrirtækjum gert að greiða tekjuskatt vegna þess að skuldir í erlendri mynt lækka tímabundið vegna styrkingar krónunnar er afar brýnt að breyta lögunum eins og hér er lagt til. Þess má geta að meðalgengi íslensku krónunnar á síðasta ári var 108,65 stig en ekki er óvarlegt að áætla að jafnvægisgengi sé um 137 stig um þessar mundir.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h Samtaka fiskvinnslustöðva

Friðrik J. Arngrímsson Guðbergur Rúnarsson

Áætlað jafnvægisnafngengi



RÍKISENDURSKOÐUN
Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2136
komudagur 19.5.2006

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Alþingis 8 – 10, 150 REYKJAVÍK.	17. maí 2006	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis Efnahags- og viðskiptanefndar frá 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tekjuskatt, 793. mál, gengishagnaður.

Svo sem rakið er í athugasemdum við frumvarpið er í frumvarpinu mælt fyrir um heimild til handa skattskyldum rekstraraðilum að fresta tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap og þar með álagningu tekjuskatts á slíka tekjufærslu vegna rekstraráranna 2005 til og með 2008. Með þessu móti er stefnt að því að koma til móts við þá rekstraraðila, sem hafa orðið fyrir áföllum vegna styrkrar stöðu íslensku krónunnar undanfarin ár.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún gerir engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Sími / telephone: (+354) 561 4121, myndsími / telefax: (+354) 562 4546, kennitala / Id.no. 540269-1819,
netfang / e-mail: postur@rikisend.althingi.is, heimasíða / http: www.rikisend.althingi.is

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2192
komudagur 30.5.2006

DAGSETNING TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. maí 2006 2006050104

Með bréfi dags. 5. maí 2006 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga, 793. mál, gengishagnaður.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að koma á framfæri við nefndina eftirfarandi athugasemdum og upplýsingum.

Frumvarp þetta er seint fram komið og ljóst að ef það verður að lögum öðlast þau ekki gildi fyrr en á miðju því ári sem því er ætlað að hafa áhrif á, þ.e. við álagningu 2006. Ljóst er að svo síðbúin lög leiða til ýmissa vandkvæða við framkvæmd þeirra. Öll eyðublöð vegna rekstrarársins 2005 svo og framtöl þ.á.m. rafræn framtalsform eru lögnu frágengin og send framteljendum. Gera þarf á framtalsforritinu nokkrar breytingar. Í þessu tilviki eru þær viðráðanlegar en veigameiri breytingar svo seint í framtalsferlinu hefðu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Auk breytinga á forritum miðlar embætti ríkisskattstjóra upplýsingum til framteljenda og fagframteljenda um þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum. Verður sú upplýsingamiðlun brotakenndari og ómarkvissari en æskilegt er þegar breytingar eru gerðar svo seint. Nokkur fjöldi framteljenda hefur þegar skilað framtölum og í ýmsum tilvikum hafa þau þegar verið yfirfarin og afgreidd til álagningar. Ljóst er að þessir framteljendur þurfa nú að senda inn leiðréttingar og skattyfirvöld að endurskoða þá vinnu sem þegar hefur farið fram. Síðbúnar breytingar á skattalögum valda ætíð auknum kostnaði og umstangi og geta verið óframkvæmanlegar nema með miklum tilkostnaði. Er æskilegt að þær séu því ekki gerðar nema mikið liggi við.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gengishagnaður vegna rekstrarársins 2005 komi ekki að neinu leyti til álagningu á árinu 2006 en dreifist á álagningu áranna 2007 til 2009. Ekki eru ljós rökin fyrir því að sleppa álagningarárinu 2006 að fullu en æskilegt er að tímabundin ráðstöfun sem þessi gangi sem fljótast yfir.

AÐSETUR	PÓSTFANG	KENNITALA	SÍMI	SÍMBRÉF	NETFANG	VEFFANG
LAUGAVEGUR 166	150 REYKJAVÍK	540269-6029	563-1100	562-4440	rsk@rsk.is	www.rsk.is

Að lokum skal greint frá því að embættið hefur lagt mat á það hversu marga þessar breytingar kunna að snerta og hvaða fjárhæðir gæti verið um að ræða. Gerð var athugun á því hvaða áhrif hliðstæð ákvæði hefðu haft við álagningu 2005 á tekjur ársins 2004. Í ljós kom að gengishagnaður að fjárhæð um 11 milljarða króna hefði frestast hjá aðilum með tilliti til skattlagningar. Álagður tekjuskattur hefði þannig lækkað um ca. 2 milljarða kr. Gera má ráð fyrir að skattstofn og skattar síðari ára hefði hækkað um sambærilegar tölur þar sem aðeins er um að ræða frestun á skattlagningu. Breyting á gengisvísutölu var mjög áþekk á árinu 2005 því sem hún var á árinu 2004 eða nálægt 7,5 % hvort ár. Má því gera ráð fyrir að áhrif þessara breytinga á álagningu á árinu 2006 verði ekki mjög frábrugða því sem að framan greinir en ýmsir þættir geta þó haft áhrif þar á svo sem breytingar á hagnaði á milli ára og breytingar á yfirfæranlegu tapi.

Virðingarfyllst

Indriði H Þorláksson
ríkisskattstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2137
komudagur 19.5. 2006

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

18.5. 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, þingmál 793.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að fyrirtækjum, sem eru með tekjufærslu gengishagnaðar að frádregnu gengistapi af hvers kyns eignum og skuldum í erlendum verðmæli á rekstrarárinu 2005, verði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni rekstrarársins 2005 fjárhæð sem nemur fyrrgreindri tekjufærslu, allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af við álagningu á árinu 2006, og dreifa henni jafnt á næstu þrjú rekstrarár á eftir, þ.e. á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008.

Reglur um uppgjör gengishagnaðar og -taps af kröfum og skuldum í erlendri mynt samkvæmt gildandi skattalögum getur leitt til ótímabærrar skattlagningar hjá fyrirtækjum. Þegar gengi hækkar mikið, eins og gerst hefur á undanförnum árum, myndast skattalegur hagnaður af skuldum sem leiðir til álagningar tekjuskatts þótt raunverulegur hagnaður sé enginn, þar sem gengishagnaðurinn hefur ekki verið innleystur. Þetta stafar af því hvernig gengishagnaður og -tap er gert upp samkvæmt gildandi skattalögum. Þannig verða fyrirtæki að greiða skatt af gengisbreytingum á árinu hvort sem þær hafa verið innleystar eða ekki.

Frumvarpið felur í sér ákvæði til bráðabirgða til þess að hindra óeðlilega og ósanngjarna skattlagningu. Samtök atvinnulífsins leggja til að sá möguleiki verði tekinn til ítarlegrar skoðunar að tekin verði upp sama regla og í Danmörku, þ.e. innlausnarregla í stað núgildandi lagerreglu. Fyrirtæki geti þó valið lagerreglu ef þau kjósa svo. Til nánari glöggvunar vísast til greinargerðar sem unnin var fyrir Samtök atvinnulífsins til að varpa ljósi á skattaleg áhrif af gengishækkun krónunnar á fyrirtæki með skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem einnig er ætlað að skapa umræðugrundvöll fyrir ákvörðun um breytingar til framtíðar.

Samtök atvinnulífsins styðja umrætt frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson,
Aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2122
komudagur 18.5.2006

16. maí 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 5. maí 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, 793. mál.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2112
komudagur 16.5. 2006

talsmaður neytenda

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.05.2006
Tilv. 2005/0042 - 4.0
GT

Efni: Boð um umsögn um 793. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum, gengishagnaður (132. löggjafarþing)

Þakkað er bréf yðar, dags. 5. maí sl., varðandi ofangreint þingmál sem barst 10. maí sl.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega". Með hliðsjón af þeim lagaramma og þeim sjónarmiðum sem ég miða við til forgangsröðunar tek ég ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitsgerðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2120
komudagur 18.5.2006

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (793. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að heimila frestun tekjufærsiu gengishagnaðar umfram gengistap og þar með álagningu tekjuskatts á þá tekjufærslu vegna rekstrarársins 2005.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson

Kringlan 7 • 103 Reykjavík • sími/tel. + 354 510 7100 • fax + 354 568 6564 • info@vi.is • www.vi.is